



Henry Alexander Henrysson

Skoðanir, siðferði, samfélag

Enn um gagnrýna hugsun

► Um höfund ► Efnisorð

Skortur á gagnrýninni hugsun hefur verið mikið í umræðunni í íslensku samfélagi undanfarin ár. Sú umræða hefur meðal annars náð inn í nýja aðalnámskrá. Skilningur á þessu hugtaki virðist þó ekki hafa aukist í jöfnu hlutfalli við aukna umræðu. Jákvæðri og skapandi hugsun er jafnvel teflt fram sem nauðsynlegu mótvægi við gagnrýna hugsun. Í þessari grein er leitast við að lýsa mismunandi túlkunum á hugtakinu með því að svara þeirri spurningu hvort gagnrýnin hugsun sé ekki einmitt jákvæð, skapandi og uppbyggileg.

Í greininni eru rök færð fyrir því að rétt breytni fremur en rökleikni sé raunverulegt markmið með beitingu gagnrýninnar hugsunar. Ennfremur er bent á leiðir til þess að þjálfar nemendur í þessari gerð hugsunar. Þá er útskýrt hvers vegna slík þjálfun hjálpi nemendum að byggja upp eigin skoðanir fremur en að láta þá beita gagnrýninni hugsun til þess að rífa niður skoðanir annarra. Loks er reynt að draga upp mynd af því hvernig gagnrýni á að hvetja okkur til að njóta ábyrgðar okkar sem hugsandi verur.

Rationality and Responsibilities: The Purpose of Critical Thinking

► About the author ► Key words

Substantial attention has been paid to the notion of critical thinking in Iceland in recent years, including within the national curricula. Amidst a certain confusion about the exact meaning of critical thinking, calls have surfaced for more emphasis on creative and positive thinking at the expense of critical elements. This paper asks whether critical skills are not in fact essential for constructive thinking and thus full of positive connotations.

First, the argument is made that critical thinking has a necessary ethical dimension. Despite there being something fundamentally wrong with the idea that one can both be an evil character and a truly thoughtful person, this dimension is often overlooked. Some people fail to perform their duty to seek adequate justifications for their convictions, ignore the need to be critical when facing an ethical dilemma and place too much faith in their inner moral guides. Other people see no need to worry about temptations that follow one's intellectual prowess. Neither group grasps how ethics and critical thinking are intertwined.

This first point on the links between critical thinking and morality is followed by a discussion on what skills are the ingredients of critical thinking. The understanding of logical fallacies and the possession of analytical skills are obviously

important, but there are other no less important questions one should ask oneself when forming a critical opinion. One has to grasp what exactly the topic is, why it is important to consider it, who is influencing whom in making certain judgements and what may result in having a specific conviction. In other words, critical thinking is to look at a certain issue from every possible angle, and thus the adjective 'critical' should not be confused with the verb 'to criticise', which has more obvious negative connotations.

Drawing on this perspective, this paper points out why training in critical thinking should not solely focus on either debunking the opinions of others or on the various limits of the social environment. Both approaches have attractive features for students but do not seem to fulfil a definition of critical thinking that calls for both the ethical dimension and people asking themselves what may result from their beliefs. This paper argues that Socrates' celebrated Speech of the Laws fits such a definition.

Finally, the point is made that critical thinking is foremost a dynamic and creative process which ultimately brings to our attention our responsibilities as rational beings. Seeking a justification for one's opinion is certainly an important part of critical thinking. However, without considering possible alternatives and possible – even desirable – outcomes when acting according to one's beliefs, such thinking is far from ideal within education.

Inngangur

Meginviðfangsefni þessarar greinar er að svara því hvað gagnrýnin hugsun sé og hver tengsl slíkrar hugsunar séu við siðferðilega dómgreind.¹ Athyglinni verður sérstaklega beint að því hvort gagnrýnin hugsun geti talist jákvæð hugsun eða hvort hún kenni okkur fyrst og fremst að finna að og setja út á skoðanir annarra. Leiðin að svarinu er vörðuð með yfirliti um það hvernig gagnrýnin hugsun hefur birst í greinum íslenskra heimspek- inga undanfarin ár. Rætt verður um hversu óljóst og illa skilgreint fyrirbæri þessi gerð hugsunar er þótt hún sé nefnd víða í umræðum um samfélags- og menntamál og skoðað hversu nán tengsl gagnrýnin hugsun hefur við siðfræði. Í greininni verða sjö þrep sem einkenna þessa hugsun skilgreind og tilraun gerð til þess að skilgreina hana í ljósi þess sem þá hefur komið fram. Að síðustu verður skoðað hvernig gagnrýnin hugsun getur tengst neikvæðri fræðilegri nálgun og að hvaða leyti sú neikvæðni byggist á vissum misskilningi á markmiði hugvísinda.

Allt frá efnahagshruninu hafa heyrst raddir um að efla þurfi gagnrýna hugsun í íslensku samfélagi. Grundvallarhugmyndin er í sjálfu sér skýr og óumdeild: Fólk þarf að sýna af sér minni hjarðhegðun og hafa til að bera hæfni til þess að mynda sínar eigin ígrunduðu skoðanir. Sú sýn á gagnrýna hugsun sem þarna birtist er góð en svarar þó ekki þeirri spurningu hvað gagnrýnin hugsun sé í raun og veru. Í þessari grein verður reynt að setja fram slíka skilgreiningu, frábrugðna þeirri sem gjarnan hefur verið gripið til í umræðunni, það er að *gagnrýni* sé að „rýna til gagns“.² Í fyrsta lagi er erfitt að sjá að slík orðsifjafræði gangi upp og í öðru lagi getur skilgreiningin einfaldlega kallað á aðra skilgreiningu á því hvers konar gagn sé um að ræða. Oft fer þessi krafa saman við von um að efling gagn-

¹ Þessi grein er unnin upp úr þremur fyrirlestrum veturinn 2011–2012; á málþingi um eflingu kennslu í gagnrýninni hugsun og siðfræði í skólum, Hugvísindapingi og ráðstefnu Félags um menntarannsóknir. Margt af því sem hefur ratað í greinina má væntanlega rekja til athugasemda og spurninga þeirra sem hlýddu á. Kann ég þeim bestu þakki fyrir. Páli Skúlasyni, Eyju Margréti Brynjarsdóttur, Kristian Guttesen og Elsu Haraldsdóttur þakka ég einnig gagnlegar umræður um efni greinarinnar og yfirllestur. Tveir ritrýnar Netlu fá einnig kærar þakki fyrir gagnlegar athugasemdir.

² Sem dæmi um þennan skilning á fyrirbærinu má nefna leiðara helgarblaðsins *Krítik*, en því miður kom aðeins eitt tölublað, nokkurs konar kynningareintak, út af því spennandi blaði árið 2010. Ef skoðuð er umræða á netinu á tímabilinu 2008 til 2012 er áberandi hversu margir sem kalla eftir meiri gagnrýni eða „krítík“ í samfélagsum- ræðuna leggja þennan skilning í hugtakið.

rýnnar hugsunar bæti siðgæðisvitund.³ Nærtæk nálgun virðist því vera að greina tengsl gagnrýnnar hugsunar og siðfræði til þess að sjá hvernig framangreindri kröfu er best svarað.

Gagnrýnin hugsun og siðferði

Gagnrýnin hugsun kemur víða fyrir í textum þar sem íslenskt menntakerfi er skilgreint.⁴ Í aðalnámskrám 2011 fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla er hugtakið til dæmis nokkuð áberandi. Leikskólum ber að hvetja til gagnrýnnar hugsunar og í námskrá grunnskóla segir að efla beri „rökhugsun og gagnrýna hugsun nemenda“ (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2012a, bls. 36). Öllum skólástigum ber svo að virða ákveðna grunnþætti menntunar og er þar sérstaklega tekið fram að „[I]ýðræðis- og mannréttindamenntun byggist á gagnrýnni hugsun“ (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2012a, bls. 19). Skilgreiningar fylgja hins vegar ekki hugtakinu.⁵ Einhverjir sjá kannski fyrir sér að menn þurfi að sitja í þungum þönkum, eins og *Hugsuður* Rodins, til þess að geta talist virkilega gagnrýnir í hugsun; að nauðsynlegt sé að fá fjarlægð á samfélagið og flæði upplýsinga til að sjá í gegnum þau öfl og hugmyndir sem móta hugsun okkar. Slíkar hugmyndir eiga sér sígildar fyrirmyndir. Sú kunnasta er ættuð frá franska heimspekingnum René Descartes sem í upphafi *Hugleiðinga um frumspeki* segist þurfa „ákjósanlegt næði“ til þess að geta létt af sér „öllum áhyggjum“ og þar með hafa möguleika á því að losa sig endanlega frá öllum þeim röngu skoðunum sem enn gætu leynst í hugarheimi hans (Descartes, 2001, bls.133).

Sá skilningur sem margir leggja í hugtakið „gagnrýna hugsun“ á sér einnig vissa fyrirmynd í verkum samtímamanns Descartes, enska heimspekingsins Francis Bacon, sem enn er eftirlæti margra sem skrifa um gagnrýna hugsun – að minnsta kosti ef eitthvað er að marka fjölda tilvitnana eftir hann sem skreyta bækur og vefsíður. Á vef sem helgaður er gagnrýnni hugsun og vönduðum fræðilegum vinnubrögðum má meðal annars finna nokkuð sem lítur út fyrir að vera bein tilvitnun í Bacon um það hvað gagnrýnin hugsun sé.⁶ Vandamálið er að hugtakið „gagnrýnin hugsun“ var ekki til í byrjun sautjándu aldar og útilokað að Bacon hafi notað það í textum sínum. Tilefni tilvitnunarinnar, eins og hún er rétt, virðist vera flokkun náttúrulegra fyrirbæra.⁷ Hins vegar er skiljanlegt að höfundum þyki eftirsóknarvert að tengja hugmyndir sínar við hugsun Bacons. Fáir hafa í hugmynda-sögunni barist jafn ötullega gegn margs konar hindurvitnum í vísindum og fræðum og leitast þar með við að draga úr vægi þeirra í menntakerfinu.⁸ Leiðbeiningar hans beinast allar að því að tryggja ákveðna fjarlægð milli rannsakanda og viðfangsefnis, bæði bók-

³ Hugmyndin virðist vera sú að ákveðið hugsunarleysi, til dæmis varðandi sjálfbærni tiltekinna viðskiptalíkana, hafi leitt til bankahruns og jafnvel siðferðishruns í íslensku samfélagi. Sú ályktun er dregin í framhaldi af því að gagnrýnni hugsun í samfélaginu komi í veg fyrir slíkt hrun. Hvort sú ályktun standist er áhugaverð spurning sem verður ekki svarað í þessari grein. Hún virðist þó geta staðið, með einhverjum fyrirvörum væntanlega, sem skynsamleg vinnutilgáta.

⁴ Það má fræðast almennt um stöðu gagnrýnnar hugsunar í íslenskum skólum hjá Elsu Haraldsdóttur 2011. Í lögum um grunnskóla er ekki talað um gagnrýna hugsun en til dæmis sagt að námskrá skuli leggja áherslu á „hæfni nemenda til að skilja orsakasamhengi og draga rökréttar ályktanir“ (24. gr.).

⁵ Grein Þorsteins Helgasonar (2011) er ein fárra tilrauna til þess að bregðast við því hvar nákvæmlega gagnrýnin hugsun á heima í skólaláttum og hvaða skilgreining á þessari hugsun á við þegar kemur að kennslu.

⁶ Tilvitnunin á ensku er – innan gæsalappa (sjá <http://www.criticalthinking.org/>) – á þann veg að gagnrýnin hugsun felist í því að vera leitandi manneskja, þolinmód, ihugul, varkár en jafnframt opin í ályktunum og sætta sig ekki við uppgerð.

⁷ Tilvitnunina má finna í textabroti frá árinu 1603 og nefnir Bacon (1863, bls. 447) þar hvergi „gagnrýna hugsun“. Hins vegar óskar Bacon sér þess að hann hefði frá náttúrunnar hendi þá eiginleika sem taldir eru upp í neðanmálgrein 6.

⁸ Þekktasta framlag Bacons til þess hvernig bæta má hugsun – og þá sérstaklega þegar kemur að menntun og baráttu gegn fordómum – er án nokkurs vafa þær ferns konar „hugarvillur“ (*idola mentis*) sem geta ruglað okkur í ríminu (Bacon 2007). Villurnar tengjast mannlegu eðli, skapgerð einstaklings, tungumáli og fræðimönnunum sjálfum.

staflega og í því hugtakakerfi sem notað er til þess að lýsa fyrirbærum. Fáir hafa krafist þess jafn eindregið að vönduð og fræðileg hugsun – gagnrýnin hugsun – byggist á kröfu um *hlutlægni*. Fyrirmynd hins gagnrýna hugsuðar verður einstaklingurinn sem útilokar ytra áreiti þegar hann metur upplýsingar, reynir að koma þeim í form rökfræði eða stærðfræði og útilokar hugtök sem eru óhóflega gildishlaðin.

Sá sem hefur fylgst með fræðilegri umræðu um gagnrýna hugsun á Íslandi ætti hins vegar að hafa áttað sig á því að samtímaskilningur á hugtakinu getur varla byggst á þessum fyrirmyndum frá sautjándu öld. Ólafur Páll Jónsson (2008) hefur til dæmis fært rök fyrir því að í gagnrýninni hugsun felist sú krafa að maðurinn sé þátttakandi í umhverfi sínu, að viðkomandi hugsi með öðrum. Gagnrýnin hugsun er þar með ekki eitthvað sem krefst „ákjósanlegs næðis“, eða tæknilegs orðaforða, heldur nauðsynlegur hluti eðlilegrar samræðu við aðra. Ólafur Páll er þeirrar skoðunar að þetta atriði, öðrum fremur, geri gagnrýna hugsun að mikilsverðu viðfangsefni í skólastarfi. Þessi skoðun byggist á því að við snúum á hvolf þeirri hugmynd að við lærum að vera félagsverur. Við getum lært einmitt vegna þess að við erum félagsverur. Hugmyndin á sér aldagamlar rætur. Þegar Aristóteles fjallar um skynsemina sem náttúrulegan eiginleika á hann við að skynsemin sé svipaður eiginleiki og það að hafa tvo fætur. Við fæðumst með *möguleikann* á því að ganga á tveimur fótum. Það sama á við um skynsemina, við höfum möguleika á því að þroska hana. Og sá þroski verður aðeins tekinn út ef við högum okkur í samræmi við aðrar náttúrulegar tilhneigingar, sérstaklega þá að við erum félagsverur. Ef ætlunin er að temja sér margt af því sem við teljum til vandaðrar hugsunar – „góðs hugferðis“ eins og Mikael Karlsson (2005, bls. 68) kallar það – er eins víst að við lærum það í félagi við aðra.

Ólafur Páll nefnir einnig, líkt og Páll Skúlason og fleiri hafa gert á undan honum, að „mannleg hugsun, sem ekki er samofin því að lifa góðu lífi sem manneskja, er ósköp takmörkuð“ (Ólafur Páll Jónsson, 2008, bls. 100; Ólafur Páll Jónsson, 2011a). Gagnrýnin hugsun er ekki bara þekking. Hún er heldur ekki leiðin til þekkingar. Illska getur verið „úthugsuð og útpæld“, eins og Ólafur Páll bendir á (2008, bls. 102). En það er eitthvert hugsunarleysi sem einkennir hana. Það sem einkennir þessa gerð hugsunarleysis fyrst og fremst er ákveðið viðbragðsleysi. Hin svokallaða „hlutlægni“ má ekki enda með að gera þann sem hugsar einnig að hlut. Við eigum að gera þá kröfu til gagnrýnnar hugsunar að henni fylgi ákveðin breytni sem á sér rætur í því að hugsunin snýr einnig að gerandanum og dómgreind hans. Hver og einn gerði vel í að spyrja sig öðru hvoru hvers konar persóna það sé sem hugsar á þennan hátt.

Það er misskilningur að draumur Bacons hafi verið fullkomlega gildissnauð heimsmynd þar sem skynseminni er aðeins beint að tæknilegum úrlausnarefnum.⁹ Gagnrýnin hugsun þarf vissulega að bregðast við trú á hindurvitni og hugmyndafræði. Eitt helsta verkefni hennar er að losa okkur undan hártogunum og hillungum sem geta fylgt því að sjá merkingu og tilgang í hvaða fyrirbæri sem er eða mæla með óbreytanlegri samfélagsskipan.¹⁰ Og í upphafi sautjándu aldar þurfti vissulega að taka til í hugmyndaheimi Vesturlanda. En spurningar um heiðarleika og réttlæti, svo dæmi sé tekið, urðu ekki þar með viðfangsefni einhvers annars en skynseminnar og þar með ótengdar gagnrýninni hugsun.

En hver er þá sá siðferðilegi veruleiki sem hugsun okkar hlýtur að tilheyra eða takast á við? Í grófum dráttum skiptist siðferðilegur veruleiki okkar í þrennt: gæði, réttindi og dygðir (Vilhjálmur Árnason, 1993, bls. 39). Það getur verið snúið að tilgreina hvaða gæði teljist til

⁹ Um húmaníska hugsun Bacons má meðal annars fræðast hjá Rosy-Mary Sargent (2002).

¹⁰ Verkefni samtímans er að mörgu leyti lítið frábrugðið verkefni endurreisnarinnar. Voldugir hópar hafa hag af því að almenningur trúir á ríkjandi skipulag á meðan röttækustu öflin vilja kasta sem flestum gildum fyrir borð. Margt bendir til þess að skynsamlegt sé að mynda sér skoðanir sem fara bil beggja.

frumgæða hins siðferðilega veruleika.¹¹ Hins vegar eru flestir siðfræðingar á því að til þess að manneskjur geti þroskast og dafnað sem siðferðisverur séu einhver gæði nauðsynleg, t.d. þekking, vinátta, skynsemi, vinna, leikur, fegurð og hæfileiki og tækifæri til þess að hugsa um allt framangreint. Lífið sjálft ætti jafnvel heima á listanum yfir frumgæði. Siðferðið sjálft snertir svo fremur næsta flokk sem inniheldur það sem við ættum að fá að gera og það sem okkur ber að gera. Siðfræðinga greinir á um hvort réttindi og skyldur eigi að leiða af frumgæðunum eða hvort annars konar röksemdafærslur liggi þeim til grundvallar, en þeir eru sammála um að greina megi þann flókna vef sem réttindi og skyldur skapa innan hvers samfélags, til dæmis hvaða réttindi skuli kenna við mannréttindi. Svo virðist einnig að hluti siðferðislífsins falli undir það sem við teljum vera eftirsóknarverðar tilhneigingar í lífi fólks, svokallaðar *dygðir*. Þar vaknar aftur sú spurning hvort frumgæðin liggi dygðum eins og visku, víðsýni og þrautseigju til grundvallar.

Framangreind flokkun er ekki tæmandi. Margir siðfræðingar nefna til sögunnar fleiri hugtök sem má jafnvel flokka saman til einföldunar. Þetta eru hugtök sem við höfum yfir tilfinningu okkar fyrir réttri og rangri breytni, eða einfaldlega fyrir því hvað felist í hinu góða lífi. Þennan flokk skipa til dæmis samviskan og réttlætiskenndin. *Innsæi*, hvort sem það er kennt sérstaklega við siðferði eða ekki, er einnig gjarnan nefnt í þessu sambandi. Þessi síðastnefndu hugtök virðast laustengdari gagnrýninni hugsun en þau sem áður voru nefnd. Þeir sem fást við siðfræði með því að leggja áherslu á gæði og réttindi draga oft enga fjöður yfir það að gagnrýnin hugsun eigi ekki að láta tilfinningalífið trufla sig um of; gagnrýnin hugsun sé andstæða þess að láta óljósar tilfinningar segja sér fyrir verkum. Hins vegar má í raun segja að áhersla á samvisku, réttlætiskennd og siðferðilegt innsæi sé einhvers konar svar við trú á mátt rökhusunarinnar.¹² Því verða þessi fyrirbæri stundum skjól þeirra sem treysta ekki gagnrýninni hugsun. Ástæður þess að fólk vantroystir hugmyndinni um mikilvægi gagnrýninnar hugsunar geta verið mismunandi en rök fólks taka gjarnan á sig svipað form og þegar hefur verið drepð á: að rökvisasta fólk geti verið illskan ein og þar með megi draga þá ályktun að virkilega siðlegt fólk láti stjórnast af einhverju sem í víðum skilningi má kenna við tilfinningalíf. Hér er ekki ætlunin að leggja mat á þessa röksemd heldur skal einungis bent á að samband gagnrýninnar hugsunar og siðfræði er flókið og háð því við hvaða innviði siðferðisins er miðað þegar þessi tengsl eru skoðuð.¹³

Heimspekileg hugsun

Í samtímanum er það sem kallað er *universal intellectual standards* dæmi um fyrirbæri sem vekja tortryggni áhugafólks um innsæi og svokallaða „skapandi hugsun“. Heitið þykir nokkuð hrokafullt og við fyrstu sýn er fátt sem bendir til þess að staðlarnir taki tillit til þess hversu margslungið fyrirbæri mannleg greind er.¹⁴ Ekki minnkar tortryggnin þegar rætt er um gagnrýna hugsun sem einhvers konar *higher order thinking*.¹⁵ Nánari skoðun ætti þó að sannfæra fólk um að rökvæðing gagnrýninnar hugsunar sé ekki takmarkalaus.

¹¹ Þá má einnig setja fram lista yfir þau efnahagslegu og pólitísku gæði sem við þörfumst en mín skoðun er sú að þau teljist ekki raunveruleg gæði nema þau séu dregin með einhverjum hætti af frumgæðum mannlegs lífs.

¹² Jean-Jacques Rousseau er líklega þekktasta dæmið um heimspeking sem trúir því að skynsemin geti afvegaleitt okkur í siðferðilegum efnum. Það sem skynsömustu menn hafa komið sér saman um og þykir dæmi um siðvætt samfélag getur sært réttlætiskennd annarra.

¹³ Einhvers konar „grundun á grunnildum samfélagsins“, eins og segir í Aðalnámskrá grunnskóla um lýðræði og mannréttindi sem grunnþátt menntunar, er þó sameiginlegt stef í flóknu sambandi gagnrýninnar hugsunar og siðfræði.

¹⁴ Hörður Bergmann (2007) nýtir sér til dæmis *universal intellectual standards* þegar hann gerir grein fyrir gagnrýninni hugsun (sjá einkum bls. 88–90). Bók hans vakti töluverða athygli þegar hún kom út og hafði áhrif á hugmyndir fjölmargra um gagnrýna hugsun. Ég fór til að mynda að kynna mér UIS í framhaldi af lestri hennar. Vissulega hefði þó athyglin sem verkið fékk mátt vera meiri árið 2007.

¹⁵ Í Bandaríkjunum er gjarnan talað um hæfni sem liggur þessari gerð hugsunar til grundvallar með styttingunni *HOTS (Higher Order Thinking Skills)*.

Vissulega má finna bækur um gagnrýna hugsun þar sem reynt er eftir mætti að draga fram það sem höfundar telja vera nauðsynlegar forsendur fræðilegs inntaks gagnrýnnar hugsunar (Hughes og Lavery, 2008). Vel má vera að heiti eins og *modus ponens* og *modus tollens* fæli annars áhugasama lesendur frá því að kynna sér gagnrýna hugsun. En hið raunverulega inntak, sem oft er vel kynnt, hefur ekki þau fælandi tengsl við rökfræði, jafnvel hagnýta rökfræði, sem margir telja sig sjá. Þetta inntak snýst fyrst og fremst um almenn atriði eins og skýrleika og nákvæmni, rétta meðferð staðreynda, samhengi og hvort mikilvægar upplýsingar hafi gleymst.¹⁶

Gagnrýnin hugsun er ekki alltaf kynnt sem heimspeki en tengslin eru þó sterk og virðist sem það sé á þeim forsendum sem tekið er fram í Aðalnámskrá leikskóla að leikskólinn sé vettvangur þar sem allir „taka þátt í heimspekilegum umræðum“ (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2012b, bls. 36). Gagnrýnin hugsun er heimspekileg hugsun. Jafnvel bækur sem kynna hana sem einhvers konar tækni sem hægt er að læra sérstaklega rekja uppruna hennar til samræðna Sókratesar þar sem ákveðinni tegund samræðu sem byggðist á rökum var teft fram gegn sófisma eða hreinni mælskulist. Andúð Sókratesar á mælskulistinni má til dæmis sjá í samræðunni *Fædrosi*, þar sem hann gagnrýnir málskrúð og skáldskap harkalega fyrir ónákvæmni, ranga meðferð staðreynda og óskýrleika. Efasemdir hans virðast við fyrstu sýn beinast að því að umræður um sálina og ástina skorti sárlega það sem við köllum nú gagnrýna hugsun. En það er ekki laust við að lesandi samræðunnar verði hissa þegar líður á hana. Í stað þess að setja fram nákvæma útlitun á eðli sálarinnar með hugtaka- og rökgreiningu í fyrirrúmi bregður Sókrates á það ráð að nota líkingamál til þess að útskýra eðli hennar. Og hann viðurkennir að líklega sé það guð einn sem raunverulega þekki þetta eðli. Fyrir dauðlega menn verði að duga að líkja kröftum hennar við vængjaða fáka sem spenntir eru fyrir vagn (Platon 1961, bls. 493). Og svo heldur frásögnin áfram. Þeir sem telja að gagnrýnin hugsun sé of heimspekileg og viðurkenni ekki nægjanlega mátt og nauðsyn skapandi hugsunar ættu að kynna sér þessar heimspekilegu rætur.

Framangreint dæmi er ekki það eina sem fær mann til þess íhuga það hvernig heimspekilegir áttahagafræðingar geti talið Sókrates vera forföður *universal intellectual standards*. Stærstu ákvarðanir lífs hans virðast við fyrstu sýn ekki vera teknar á yfirvegaðan og gagnrýnninn hátt. Samt eru allir nemendur í heimspeki og heimspekilegum forspjallsvísindum látnir lesa um hugsanagang hans til þess að kynna sér eðli fræðilegrar hugsunar. *Málsvörn Sókratesar* lýsir réttarhöldunum yfir honum þar sem hann var sakaður um að hafa spillt æskulýð Aþenuborgar. Við réttarhöldin var hann spurður hvers vegna hann rynni ekki af hólmi í stað þess að láta slíkan skrípaleik yfir sig ganga. Sókrates hefur lítil svör önnur en þau að það sé „einhver raust“ sem „afletur“ hann og að „hin venjulega vísbending“ hafi ekki varað hann við.¹⁷ Hann virðist með öðrum orðum fremur treysta innsæi sínu en þeim heimspekilegu rannsóknaraðferðum sem hann hafði boðað. Einnig má vera að hann hafi einmitt ætlað sér að sýna fram á að lífið sé í raun „rannsóknarlaust“ ef allir möguleikar vitundar okkar eru ekki nýttir við helstu ákvarðanir. Í *Krítoni* kemur spurningin um að renna af hólmi aftur upp. Þótt Sókrates setji vissulega fram rök gegn því að hunsa þann vilja sem kom fram í dóminum yfir honum, og setji þar með fram nokkurs konar stefnuyfirlýsingu vestrænnar siðfræði, getur hann ómögulega tjáð þessa skoðun sína öðruvísi en með því að setja á svið ímyndaða samræðu milli sín og laganna sjálfra sem

¹⁶ Þetta mætti kalla augljósa kröfu en virðist þó vefjast fyrir fólki eins og dæmin sanna. Spurningin sem vaknar er hins vegar hvort einföld lýsing á skýrri hugsun sé tæmandi lýsing á gagnrýnni hugsun. Og, í framhaldi af því, hvort það sem kallað er „universal intellectual standards“ sé í raun og veru annað heiti yfir gagnrýna hugsun.

¹⁷ Hér vitna ég í handrit af þýðingu Sveinbjarnar Egilssonar í Lbs. 290 8vo í uppskrift Gunnars Harðarsonar og þýðingu Sigurðar Nordal í *Síðustu dagar Sókratesar* (Platon 1990, 70).

hann persónugerir og gefur rödd.¹⁸ Skapandi meðferð tungumálsins virðist því liggja býsna nærri rótum gagnrýninnar hugsunar.

Framangreint dæmi virðist einungis sýna að gagnrýnin hugsun byggist ekki eingöngu á því að leiða niðurstöður röklega af rétt völdum forsendum.¹⁹ Svo vill til að jafnvel kunnustu rökhyggjumenn sögunnar, heimspekingar sem öðrum fremur eru kenndir við kalda rök-hugsun, voru á sama máli. Hér að framan var þess getið hvernig Descartes kom sér í stellingar í upphafi hugleiðinga sinna. Hann er þess vegna oft dreginn fram sem andlegur forfaðir þeirra sem sjá gagnrýna hugsun fyrir sér sem persónulegt mál hvers einstaklings sem raðar eigin athugunum og skoðunum upp eftir ákveðnu kerfi ályktunarreglna. Fáir geta þess hins vegar hvernig hugleiðingar hans enda. Eftir fimm og hálfan dag af stífum vangaveltum kemst hann á þá skoðun að fátt annað en eðlisávisun hans geti svarað dýpstu spurningum sem hann varpar fram (Descartes, 2001, bls. 212–213). Það er eins og sú stefna að fallast ekki á neina skoðun nema hafa fundið fullnægjandi rök fyrir henni hafi skolast til á leiðinni. Jafnvel Baruch Spinoza, sem gekk lengra en flestir aðrir heim-spekingar í að setja hugsun sína fram á röklegan hátt með stærðfræði að fyrirmynd, komst að þeirri niðurstöðu að æðsta stig þekkingar byggðist á innsæi fremur en *ratio* eða skilningi (Spinoza, 2000, bls. 69). Vissulega segja þessi dæmi okkur lítið um það hvað gagnrýnin hugsun sé. En þau eru nefnd hér til þess að vara fólk við að draga of víðtækar ályktanir um rætur gagnrýninnar hugsunar. Hið gagnstæða á fremur við. Heimspekisagan er full af dæmum um hugsuði sem halda sig ekki einungis við eina aðferð til þess að finna út hvað sé traust og vönduð hugsun.

Á nítjándu öld rekumst við hins vegar á höfund sem gefur lítinn afslátt af kröfunni um að menn hafi fullnægjandi rök fyrir skoðunum sínum. William Clifford er höfundur kunnrar greinar um það hvers vegna rangt sé að mynda sér skoðun á ófullnægjandi forsendum. Þessi grein, „Rétturinn til sannfæringar“, er sérlega vel þekkt á Íslandi en hún hefur verið lesin af kynslóðum íslenskra háskólanemenda í hugvísindum. Þungamiðja greinarinnar er bráðsnjöll frásögn af skipseiganda sem sendir skip sitt af stað þrátt fyrir miklar efasemdir um haffærni þess og treystir „forsjóninni fyllilega til að vernda hinar ólánsömu fjölskyldur sem voru að yfirgefa föðurland sitt í leit að betra lífi handan hafsins“ (Clifford 1993, bls. 43). Clifford notar þessa sögu til að varpa ljósi á nokkra mikilvæga eiginleika gagnrýninnar hugsunar. Í fyrsta lagi getur maður ekki öðlast réttnefnda sannfæringu ef maður hefur vísvitandi leitt mikilvægar forsendur hjá sér. Í öðru lagi er tilraun til þess að bæla niður efasemdir um ákveðna skoðun ekki rannsókn á ágæti hennar. Loks kemur það fram hjá honum að raunveruleg afleiðing skoðunar skiptir ekki máli, tilviljun má ekki ráða því hvort hún hafi verið réttlæt看leg eða ekki. Umdeildari punktar hjá Clifford eru þeir að gildi skoðunar ráðist ekki af efni hennar heldur miklu fremur af því hvernig hún er til komin og að engin skoðun geti talist einkamál þess sem hefur hana. Þessi tvö atriði verða rædd betur síðar.

Í samtímanum má jafnvel fremur kenna marga af þeim sem rita um gagnrýna hugsun við nokkurs konar efahyggju eða vantrú. Gagnrýnin hugsun er þá fremur neikvætt fyrirbæri. Hún byggist ekki á því að finna grundvöll eigin skoðana. Viðkomandi höfundar telja sig taka kröfuna um fullnægjandi forsendur, að fallast ekki á neina skoðun eða fullyrðingu nema hafa fundið fullnægjandi rök fyrir henni, nægilega alvarlega og leiða þá röklega

¹⁸ Með „stefnuyfirlýsingu vestrænnar siðfræði“ á ég við þá hugmynd Sókratesar að rétt skoðun og rétt breytni miðist ekki við það hvað komi hverjum og einum best. Röksemdafærsla Sókratesar, sem finna má í „samtalínu“ við lögin í *Krítoni*, byggist bæði á þeirri hugmynd að við ættum að hlýða foreldrum okkar og að þakklæti eigi að leiða af sér skyldu. Báðar hugmyndirnar eru töluvert gallaðar ef þær eiga að standa einar sem fullgild rök fyrir afstöðu hans. En Sókratesi virðist einmitt ekki vera rökvisi efst í huga. Annars konar „gott hugferði“ leiðir hann að þessari niðurstöðu.

¹⁹ Forsendurnar verða að vera viðeigandi ef svo má að orði komast. Rétt röksemdafærsla er ekki það sama og réttmæt röksemdafærsla. Á ensku er til dæmis gjarnan greint á milli röksemda sem eru „valid“ og „sound“.

niðurstöðu af þeirri kröfu að maður hafi sjaldan slíkar forsendur fyrir skoðunum sínum. Dæmi um slíka hugsun má sjá hjá fólki sem leggur sig fram við að finna veika bletti á trúarskoðunum eða skoðunum þeirra sem telja sig hafa góðan smekk. Sú spurning vaknar hvers konar heimsmynd verði til ef krafan um *fullnægjandi* rök er ófrávíkjanleg. Þó að margt af því sem fólk heldur fram sé alger heilaspuni dugir sú staðreynd ekki til þess að krefjast ápreifanlegra sannana fyrir öllum skoðunum. Margar siðferðilegar áskoranir eru til dæmis þess eðlis að krafan um fullnægjandi rök getur virst óeðlileg ef vísa verður í staðreyndir, magn eða tölur.

Það hefur skapað íslenskri umræðu um gagnrýna hugsun vissa sérstöðu að grein Clif-fords hefur verið lesin með grein eftir Bandaríkjamanninn William James sem nefnist *Trúarvilji*, en þar færir hann rök gegn því að lögmál gagnrýninnar hugsunar eigi við í öllum efnum. Grein Páls Skúlasonar *Er hægt að kenna gagnrýna hugsun?* hefur mótað þessa umræðu undanfarna áratugi þannig að væntanlega má tala um „íslenska hefð“ í þessu sambandi. Í grein sinni ber Páll saman skoðanir þessara tveggja höfundu og er niðurstaða hans, eftir að hafa einnig skoðað rannsókn bandaríska heimspekingsins C. S. Peirce á því hvernig við myndum okkur skoðanir, sú að við verðum að „viðurkenna að leið hinnar gagnrýnu hugsunar sé ekki algerlega sjálfstæð“, en það þýði einmitt ekki að „gagnrýninni hugsun verði ekki við komið“. Páll bendir þvert á móti á að þar sem skoðanir okkar ráðast aðeins að litlu leyti af rökum, „sé brýnust þörf fyrir gagnrýna hugsun“ (Páll Skúlason 1987). Í þessari „íslensku hefð“ sem ég kalla svo hefur þeirri hugmynd sem sagt verið haldið fram, þvert á þá rökvæðingu sem hefur verið ráðandi í umræðu um gagnrýna hugsun í sumum öðrum löndum, að gagnrýnin hugsun sé nauðsynleg *vegna þess* að erfitt getur verið að uppfylla kröfuna um fullnægjandi rök fremur en *þrátt fyrir* þá kröfu.

Þessi hefð hefur skýr tengsl við þann siðferðilega veruleika sem nefndur var hér að fram- an. Í þessari hefð hafa komið fram rök fyrir því að hið skynsamlega sé sanngjarnt og réttlátt, að rétt breytni sé markmið gagnrýninnar hugsunar og að án hennar dafni fólk ekki sem siðferðisverur. Tengslin milli siðfræði og gagnrýninnar hugsunar má greina í fjóra flokka á þessu stigi. Tveir til viðbótar verða að bíða þangað til örlítið síðar í þessari grein. Í fyrsta lagi er ákveðin siðferðileg afstaða fólgin í því að staðhæfa ekkert um menn og mál- efni nema hafa fyrir því haldbær rök. Við megum bæði ætlast til þess af viðmælendum okkar og okkur ber skylda til þess að fara ekki með fleipur þegar ýmis málefni ber á góma. Í öðru lagi komumst við ekki hjá því að rökræða um skoðanir sem snerta siðferðileg álitamál. Þó að kröfur um ápreifanlegar sannanir séu oft óraunhæfar þegar kemur að slíkum álitamálum breytir það ekki því að við eigum að rökræða þau og reyna að fá fram heiðarlegustu afstöðuna í slíkri rökræðu. Í þriðja lagi er eitt meginhlutverk gagnrýninnar hugsunar að gera okkur kleift að meta siðferðilegt innsæi, samvisku og réttlætiskennnd. Tilfinningalífið, í víðum skilningi, mótast skoðanir okkar. Við eigum að taka því sem stað- reynd. En þó að góð ástæða sé fyrir því að virða beri sína innri rödd þá útilokar það ekki að við beitum gagnrýninni hugsun á skoðun sem sprettur af þessari rödd. Loks er beiting gagnrýninnar hugsunar eina mögulega leiðin til þess að afla raunverulegrar þekkingar, en þekkingin er sjálf dæmi um siðferðilegt verðmæti. Varla er hægt að skilja að öflun og beitu- ingu þekkingar. Djúpum skilningi fylgir töluvert vald. Sú hæfni sem felst í beitingu gagn- rýninnar hugsunar á ekki að snúast um sjálfa sig. Það er stutt skrefið frá því að hafa þá hæfni til að bera að láta vart blekkjast yfir í það að freistast til að nota þá hæfni til þess að blekkja aðra. Siðferðileg dómgreind kemur í veg fyrir að það skref sé stigið.

Hvað er gagnrýnin hugsun?

Þó að krafan um að skólakerfið þjálfri nemendur í gagnrýninni hugsun sé oft hávær er hún að sama skapi ekki alltaf skýrt orðuð eins og nefnt var hér í upphafi. Það kemur jafnvel fyrir að samræður þeirra sem ættu að þekkja gerst til geri lítið til þess að skýra málið fyrir þeim sem óhjákvæmilega þekkja minna til. Dæmi um slíka umræðu eru tvær blaðagreinar

sem birtust í *Fréttablaðinu* haustið 2010. Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra segir þar í grein sem hún skrifar um áherslur í menntamálum í ljósi efnahagshrunsins að menntun felist ekki síst í því „að temja sér gagnrýna hugsun þannig að hver og einn geti tekið sjálfstæða og gagnrýna afstöðu í flóknum málum“ (Katrín Jakobsdóttir, 2010). Þessa gerð hugsunar tengir hún svo við heimspeki, listir og önnur húnánísk fög fremur en þær greinar sem þjáfa nemendur „í tilteknu starfi eða verklagi“. Stuttu síðar birtist í sama blaði nokkurs konar svargrein tólf háskólakennara við Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík sem litu svo á að þar með væri ráðherra að „undanskilja raunvísindi og rök-hugsun raunvísinda frá gagnrýnni hugsun“ og er niðurstaða þeirra að efling gagnrýnnar hugsunar í háskólastarfi gerist aðeins með því að „stórefla vísinda- og fræðastörf við háskólana“ (Anna Ingólfssdóttir o.fl., 2010). Fleiri greinar um málið rötuðu ekki í blöð en nokkur umræða fór fram innan háskólasamfélagsins um efni greinanna. Sumum fannst ráðherra hafa bent á mikilvægt atriði, öðrum fannst hún hafa gert það á kostnað ákveðinna greina og þar með eyðilagt mikilvægan boðskap. Spurningin sem vaknaði var ekki síst hvort virkilega væri hægt að greina á milli mannvísinda annars vegar og þjálfunar í tilteknu starfi og verklagi hins vegar. Fljótt mynduðust tvær fylkingar sem héldu fram andstæðum skoðunum.

Fyrir utan fljótfærni einkennist skortur á gagnrýnni hugsun öðru fremur af rökvillum og mælskubrógðum. En það er ekki þar með sagt að gagnrýnin manneskja sé ávallt laus við slíkt. Bilið milli rökræðna og kappræðna getur verið býsna þröngt og erfitt að greina á milli.²⁰ Hér virðist einnig ásetningur spila inn í. Það virðist vera grundvallarmunur á því að vera ekki betur að sér í sambandi við tiltekna skoðun og því að blekkja aðra vísitandi. Og er þá erfitt að sjá hvort á við út frá því einu hvaða brellum er beitt. Nokkur dæmi gefa hugboð um þann mikla frumskóg sem röng hugsun er, hvort sem hún kemur til af ásetningi eða ekki.²¹ Þekktasta dæmið um rökvillu er það að ráðast á manninn en halda sig ekki við málefnið. Þegar rætt er um skort á gagnrýnni hugsun er þessi villa sú sem flestir nefna sem dæmi um hugsun sem ekki er í anda hennar.²² Annað dæmi um vel þekktá rökvillu sem nýta má sem mælskubragð er að skapa sér ímyndaðan andstæðing sem auðvelt er að gagnrýna í stað þess að bregðast við raunverulegum málf lutningi þess sem er ósam-mála manni. Þetta mælskubragð þarf þó ekki að tengjast persónum beint. Stundum er gripið til þess ráðs að endurskilgreina þau hugtök sem karpað er um og láta eins og andstæðingurinn haldi fram fráleitum skoðunum. Svo má einnig oft sjá dæmi um að ímynd-aðar (og fjarska ólíklegar) niðurstöður séu láttnar duga sem rök gegn ákveðnum skoðun-um, svo sem að tilslakanir í einum málaflokki muni leiða til stjórnlýsis í öðrum. Eins og áður sagði eru þó ekki allar rökvillur þess eðlis að þeim sé ætlað að blekkja aðra. Stund-um er um hreinar hugsanavillur að ræða. Fólk á það meðal annars til að hugsa um of í takt við ákveðið boðvald. Annað fólk, yfirvöld, hefðir og trú eiga þá einfaldlega að leggja okkur til skoðanir. Til dæmis eru skoðanir þá réttlættar með því að aðrir hafi leitað á svip-aðar slóðir áður. Algengast er þó að fólk gæti einfaldlega ekki að sér þegar það myndar sér skoðanir. Það dregur þá ályktanir of snemma og af ófullnægjandi forsendum, eða að það gerir nægjanlega forsendu að nauðsynlegri forsendu og svo öfugt.²³ Einnig kemur

²⁰ Það getur verið að rökræðan þrífist ekki nema í ákveðnu kappræðuumhverfi. Fyrir stuttu síðan vöktu þeir Hugo Marcier og Dan Sperber (2011) nokkra athygli með skrifum sínum. Þeir færa áhugaverð rök fyrir því að beiting rökvisi í annars konar umhverfi en rökræðu þar sem markmiðið er að sannfæra viðmælanda leiði tæpast til betri skoðana.

²¹ Ítarlegri umfjöllun um rökvillur má finna hjá Ólafi Páli Jónssyni, 2011b.

²² Því miður á fólk til að benda um of á þessa rökvillu. Það má ekki gleymast að upplýsingar um einstakling sem heldur tiltekinni skoðun að fólk geta komið að mjög góðu haldi við að mynda sér sjálfstæða skoðun. Til dæmis getur verið mikilvægt að þekkja og benda á þá hagsmuni sem kunna að liggja fullyrðingu til grundvallar.

²³ Hver veit til dæmis nema þessi grein nægi til að vekja frekari athygli á gagnrýnni hugsun á Íslandi? Ég væri þó að blekkja mig og aðra ef ég héldi því fram að hún hafi verið nauðsynleg. Það má hugsa sér ótal annars kon-ar orsakir slíkrar athygli. En ályktunin væri víst áreiðanlega freistandi. Og það kann að vera nauðsynlegt að

fyrir að fólk taki ekki eftir mikilvægum forsendum eða gefi sér að aðeins tveir möguleikar séu í stöðunni. Þó að lögmálið um annað tveggja sé vissulega ágætt til síns brúks í rökfræði getur oftrú á það villt okkur sýn í mikilvægum málum.

Gagnrýninn hugsuður reynir alltaf að sjá í gegnum framangreindar villur og freistingar. Flest erum við sannfærð um þær skoðanir sem liggja til grundvallar lífsviðhorfum okkar, starfi og áhugamálum. Þess vegna getur verið erfitt að forðast rökræðu þar sem það að sannfæra aðra um eigin skoðun verður skjótt helsta markmiðið. Fátt er mikilvægara í þessu samhengi en að vera tilbúinn til þess að skoða nákvæmlega hvað mismunandi viðhorf eiga sameiginlegt. Í tilfelli greinanna tveggja á síðum *Fréttablaðsins* má greinilega finna þann sameiginlega þráð að gagnrýnin hugsun sé ákveðin kjölfesta í námi, hún eigi að einkenna háskólanám, að allt nám eigi að þjálfra gagnrýna hugsun og loks að ekki sé nóg gert. Það sem skilur á milli blaðgreinanna er mismunandi sjónarhorn. Ráðherra er fyrst og fremst að hugsa um hvernig eigi að ná til nemenda, að gagnrýnin hugsun sé best kynnt og lærd í almennu samhengi sem ekki er of greinabundið, en kennararnir sjá mál-efnið frá sínu eigin sjónarhorni og þá gagnrýna hugsun sem á að vera grundvöllur hvers konar vísindastarfs. Það er varla hægt að lesa það út úr grein ráðherra að hún efist um að gagnrýnin hugsun sé öllum vísindum sameiginleg, en sú tillaga hennar að það ferli að þroska með sér gagnrýna hugsun skuli ekki gerast um leið og nemandi hlýtur þjálfun í tilteknu verklagi eða fyrir tiltekið starf er allrar athygli verð.²⁴ Forsendur, eðli og markmið fræðilegrar íhugunar þarf að skoða í ákveðinni fjarlægð. Háskólanemendur eiga til dæmis erfitt með að velta fyrir sér einkennum fullnægjandi útskýringar í þann mund sem þeir eru að leggja mismunandi skýringamódel á minnið fyrir próf.

Ef gagnrýnin hugsun á að einkenna háskólanám þarf væntanlega að þjálfra og undirbúa nemendur í gegnum alla skólagöngu þeirra. Hvernig slík þjálfun á að fara fram þarf ekki að vera svo mikill leyndardómur og það þarf að vera hægt að lýsa þessari þjálfun um leið og krafan um eflingu gagnrýninnar hugsunar er sett fram. Gagnrýnin hugsun er ákveðin hæfni og hún á sér verklag eða aðferð. Vissulega má benda á að ekki eru allir sammála um hvað felist nákvæmlega í þessari aðferð en gagnlegt getur verið að miða við sjö „þrep“, eða skref, þegar maður myndar sér skoðun á forsendum gagnrýninnar hugsunar.²⁵ Í fyrsta lagi er gott að vita um hvað málið snýst í raun og veru; *hvað er til umræðu*, eins og sagt er. Einnig er mikilvægt að gera sér grein fyrir því hvers vegna þetta umræðuefni sé komið á dagskrá. Getur til dæmis verið skynsamlegt að mynda sér ekki skoðun á einhverju máli vegna þess að verið er að beita þrýstingi úr tiltekinni átt? Í þriðja lagi er svo mikilvægt að bera þá skoðun sem maður hallast helst að saman við aðrar skoðanir manns. Auðvitað getur verið eðlilegt að skipta um afstöðu í ákveðnum málaflokkum en fullkomið ósamræmi ætti þó að hringja einhverjum viðvörunarbjöllum. Samræmi í hugmyndaheimi einstaklings hlýtur að vera eitt af markmiðum gagnrýninnar hugsunar. Í fjórða lagi verður fólk að temja sér vandvirkni í meðferð hugtaka og forðast að giska á merkingu þeirra. Fimmta þrepið er líklega erfiðast að þjálfra en það snertir læsi á hvers kyns upp lýsingar. Oft er einfaldlega ómögulegt að mynda sér skoðun án þess að vera læs á tiltæk

skrifa greinar um gagnrýna hugsun til að tryggja framgang hennar í íslensku samfélagi en þeir sem skrifa slíkar greinar blekkja sig og aðra ef þeir halda að slík greinaskrif nægi.

²⁴ Tilgátan á sér til dæmis augljóslega rætur í hinni þekktu aristótélísku skiptingu milli bókvits, verkvits og siðvits. Hún byggist enn fremur á þeim hugmyndafræðilega grunni forspjallsvísinda að sértæk fræðileg þekking og leikni geri einstaklinginn hæfari til „að geta skoðað aðstæðurnar undir ólíkum sjónarhornum, sett sig í spor annarra og síðast en ekki síst tekið rökstudda afstöðu: geta gert sjálfum sér og öðrum grein fyrir forsendum þeirra ákvarðana sem maður tekur“ (Páll Skúlason, 1989, bls 146).

²⁵ Þessi „þrep“ eins og þau eru kynnt hér eiga sér ýmsar fyrirmyndir. Skrefin eða þrepin geta verið allt frá þremur og upp í fimmtán eftir því hvar áherslur liggja. Robert H. Ennis (1962) er einn sá fyrsti sem gefur yfirlit yfir þrep eða skref gagnrýninnar hugsunar (hann talar reyndar um tólf tegundir færni).

gögn. Tölfræði er dæmi um viðsjárvert svið sem auðvelt er að láta blekkjast af.²⁶ Sjötta þrepið snertir svo það sem þegar hefur verið minnst á, það er að segja uppbyggingu rökfærslna og ýmsar rökskekkjur. Loks er svo mikilvægasta skrefið, og í raun það skref sem helst gerir gagnrýna hugsun að heimspekilegri hugsun, en það er að velta upp mögulegum niðurstöðum þeirrar skoðunar sem maður hefur. Í þessu samhengi vaknar ekki síst sú spurning hvaða afleiðingar það myndi hafa í för með sér ef allir væru sömu skoðunar og maður sjálfur. Þetta atriði snertir einmitt þá staðhæfingu Cliffords, sem fyrr var nefnd, að engin skoðun geti talist einkamál. Við komum aftur að því síðar í þessari grein.

Þegar hér er komið sögu má líklega reyna að setja fram einhvers konar skilgreiningu á gagnrýninni hugsun. Að því er best er vitað kom íslenska orðið yfir „kritík“ fyrst fram í grein dr. Valtýs Guðmundssonar, *Gagnrýni*, sem birtist í *Eimreiðinni* árið 1896:

Eitt af því, sem einna tilfinnanlegastur skortur er á á Íslandi, er það sem á útlendu máli kallast „kritík“. Það kveður jafnvel svo rammt að, að við eigum einu sinni ekki neitt orð yfir hugmyndina í málinu. Að „kritisera“ er eiginlega það, að láta sjer ekki nægja að skoða hlutina eins og þeir líta út á yfirborðinu, heldur leitast við að rýna í gegnum þá og gagnskoða, til þess að sjá hina innri eiginleika þeirra, bæði kosti og lesti. Það er með öðrum orðum að kafa í djúpið og sækja bæði gullið og sorann, greina það hvort frá öðru og breiða hvortveggja út í dagsbirtunni, svo að allir, sem hafa ekki sjálfir tíma eða tækifæri til að vera að kafa, geti sjeð, hvað er gull og hvað er sori. Þetta virðist oss að mætti kalla á íslenzku gagnrýni og gagnrýninn þann mann, sem sýnt er um að gagnrýna hlutina. (Valtýr Guðmundsson, 1896, bls. 161)

Spurningunni sem þessari ritsmíð er ætlað að svara væri kannski best svarað með því einfaldlega að leggja fram þá orðabókarskilgreiningu, sem vantar hjá Valtý, að það að vera gagnrýninn sé að vera „athugull á allar hliðar máls“. Sögnin að gagnrýna felur hins vegar í sér að „finna að, setja út á“. Það má lýsa þeim sjö skrefum sem nefnd voru hér að framan þannig að þau feli einmitt í sér að athuga sem flestar hliðar hvers máls áður en maður myndar sér skoðun. En það sem þessa skilgreiningu virðist fyrst og fremst skorta er að þarna sé um ákveðna hæfni að ræða en ekki einungis leikni sem einstaklingur geti öðlast eða tileinkað sér, jafnvel af tilviljun. Gagnrýnin hugsun lýsir einhverju meira en skynsamlega dreginni ályktun. Hún er hæfni sem þarf að þjálfra upp á töluvert löngum tíma en gleymist ekki svo glatt þeim sem henni hafa náð.²⁷

Guðmundur Heiðar Frímansson skrifaði grein í *Hug – tímarit um heimspeki* þar sem hann virðist einmitt lýsa þessu sjónarhorni og þar með enn einum tengslum gagnrýninnar hugsunar og hins siðferðilega veruleika. Þær dygðir sem hann nefnir sem nokkurs konar einkenni gagnrýninnar hugsunar virðast órjúfanlegur hluti af því að vera athugull á allar hliðar máls. Maður verður að temja sér þá gerð hugsunar sem lýst var hér að framan.²⁸ Telja mætti til að minnsta kosti sjö slíkar dygðir sem einkenna þessa gerð hugsunar: samvinnu, sannleiksást, traust á skynsemina, víðsýni, að vera reiðubúinn að breyta fyrri skoð-

²⁶ Í þessu sambandi er hollt að minnast þess að stundum getur verið gott að mynda sér ekki skoðun þegar skilningur okkar á fyrirbyggjandi gögnum er einfaldlega ekki nægjanlegur. Beiting gagnrýninnar hugsunar þarf ekki alltaf að leiða til þess að við myndum okkur skoðun á málefnum sem er til umræðu. Stundum er það eina rétta að mynda sér ekki skoðun að svo komnu máli.

²⁷ Í málstofu á málþinginu *Kennsla í gagnrýninni hugsun og siðfræði* sem haldið var í Háskóla Íslands 1. október 2011 var bent á að gagnrýninni hugsun þyrfti að ætla svipað hlutverk og upplýsingatækni. Hún væri forsenda næstum því allra námsgreina í samtímanum. Mér finnst þetta skynsamleg nálgun. Gagnrýna hugsun þarf að kenna í sérstökum tímum en hún er einnig færni sem nemendur eiga að beita, því sem næst ómeðvitað, á margvísleg viðfangsefni.

²⁸ Guðmundur skiptir gagnrýninni hugsun í tvö svið: innviði (reglur sem gilda um rökfærslur) og hugarfar („gangverk“ gagnrýninnar hugsunar).

unum, þrautseigju og skýrleika (Guðmundur Heiðar Frímansson 2010, bls. 121). Líklega er þó betur lýsandi að tilgreina sjö lastapör sem gera meira til þess að draga fram þessar dygðir og skynsamlegt væri að lýsa í viðvörunarskyni þegar verið er að kenna gagnrýna hugsun. Þar má í fyrsta lagi vara við því hvernig eigingirni annars vegar og ósjálfstæði í hugsun hins vegar hindra ígrundaða hugsun. Það sama má segja um kreddutrú og tómhyggju. Hvorki oftrú né vantrú á mátt skynseminnar hefur reynst vel við skoðanamyndun. Þótt þröngsýni sé mikill löstur verður hver og einn að velja sér sjónarhorn. Og það sama má segja um þrjúsku, og vingulsháttur er síst skárri. Þá eru sífelldur uppgjafartónn annars vegar og þvermóðska hins vegar einkenni sem við tengjum ekki við gott hugferði. Loks má svo nefna tvo lesti sem oft einkenna akademíska umræðu. Það er skylda fólks sem hefur atvinnu af því að fjalla um veruleikann og fræða nemendur um mismunandi svið hans að forðast það sem best er lýst sem yfirborðsmennsku eða að sveipa hugsun sína torræðni.

Gagnrýni og ábyrgð

En hvað segir að gagnrýnin hugsun sé einnig jákvæð hugsun sem á veigamikinn þátt í að við getum skapað okkur heilbrigðan hugmyndaheim? Dugir að tengja hana við dygða-hugsun og það að lifa góðu lífi sem manneskja? Er gagnrýnin hugsun nauðsynleg til þess að við getum eftir þroska okkar og skilið hvað „felst í því að vera maður“, eins og Katrín Jakobsdóttir benti á? Hverjar eru þessar *húmanísku* greinar sem hún nefnir? Áður en þessum spurningum er svarað er rétt að horfa til þess að gagnrýnin hugsun hefur beinlínis tengst neikvæðri hugsun í þeim skilningi að margt hugvísindafólk sér gildi fræða sinna fyrst og fremst út frá sögninni að gagnrýna. Það *finnur* að umhverfi sínu, menningu og sögu. Svokölluð „gagnrýnin kenning“ yrði til að mynda seint skilgreind út frá því að hún stefni að því að kanna allar hliðar hvers máls. Samkvæmt henni er það markmið hugvísinda að finna ákveðin gildi sem samfélagið eða afurðir menningarinnar hunsa að stórum hluta og gagnrýna svo skort á þessum gildum í samtímanum.²⁹ Einkum hefur henni verið beitt á þann hátt sem kenna má við annað þrepíð sem útskýrt var hér að framan, það er að gera sér grein fyrir því hvers vegna umræðuefnið sem einstaklingur eða hópur ætla að mynda sér skoðun á sé komið á dagskrá. Ýmsir kyndilberar gagnrýninnar kenningar hafa réttilega bent á að við erum ekki frjáls að því að velja þau skilaboð sem berast okkur úr samfélaginu. Margs konar öfl eru þar að verki og markmið hugvísinda er að fletta ofan af þessum öflum og gera okkur kleift að mynda okkur skoðanir á sjálfstæðan hátt. En þó að gagnrýni í þessum anda, þar sem bent er á hversu skilyrt margt er orðið í hugsun okkar, sé nauðsynlegur þáttur í réttnefndri gagnrýninni hugsun er hún ekki fullnægjandi skilyrði hennar. Vissulega er það rétt að oft og tíðum erum við ekki fullkomlega frjáls að því að mynda okkur skoðanir. Hins vegar má ekki einblína um of á þessar takmarkanir. Sá sem gerir sér grein fyrir þeim á mikið verk fyrir höndum þegar kemur að því að mynda sér eigin skoðun. Það má þó ekki einblína um of á hindrunina; ef *gagnrýnin* verk Immanuel Kant kenna okkur eitthvað þá er það það hversu margt við getum fellt dóma um þrátt fyrir allt.³⁰

Samband hugvísinda og gagnrýninnar hugsunar er sem sagt geysilega flókið og óvarlegt að álykta að það sé ljósara en samband raunvísinda og gagnrýninnar hugsunar. Jafnvel þegar fólk er sammála um tilgang, markmið og eðli hugvísinda þá geta viðhorf þess til þessa sambands verið ósamrýmanleg. Hér hefur verið rætt um þá hugmyndafræði sem má með nokkurri einföldun rekja til gagnrýninnar kenningar. Enn meira áberandi hreyfing innan hugvísinda, sem spannar öll svið þeirra, skilgreinir gagnrýna hugsun fyrst og fremst

²⁹ Það sem hér er kallað „gagnrýnin kenning“ er einfaldlega lausleg tilvísun í margvíslega fræðilega hugmyndafræði þar sem áhersla er lögð á að verkefni vísinda sé að losa fólk úr nokkurs konar ánaud ríkjandi hugmynda-kerfa og félagslegra aðstæðna.

³⁰ Sjá einnig Kant, 2008, um möguleika skynseminnar gagnvart takmörkunum hennar.

út frá yfirborðslegri greiningu á rökum viðmælenda. Sjötta þrep gagnrýnnar hugsunar fellur að þessu viðhorfi: röksemdafærsla er oft skoðuð í ákveðnu tómarúmi. Form hennar ásamt sannfæringarkrafti ræður því hvort hún er talin gild. Spurningin um hvort forsendurnar eru sannar eða ekki gleymist oft. Ein ástæða þessa er sú að „hið sanna í málinu“ hefur ekki verið sérstakur drifkraftur í hugvísindum á undanförunum áratugum. Sannleikhugtakið hefur almennt átt undir högg að sækja. Önnur ástæða er sú að margt bendir til að öflug samkeppni drífi áfram þá „þekkingarsköpun“ sem á að vera grundvöllur háskóla-samfélaga samtímans.³¹ Hið sama má segja um þetta viðhorf og það sem rætt var hér að framan; það er nauðsynlegt gagnrýninni hugsun en er um leið of takmarkað til þess að það dugi. Röksemdafærslur geta verið gildar og ógildar eftir atvikum, en það tryggir ekki að niðurstöður þeirra séu réttar eða rangar. Hugsun verður að innihalda fleiri af þrepunum sjö. Ef rökgreining á skoðunum viðmælenda er ein og sér látin duga bendir það ekki til þess að borin sé eðlileg virðing fyrir skoðunum þeirra.

Virðing fyrir skoðunum annarra má þó ekki að ganga út yfir öll mörk (Páll Skúlason, 1990, bls. 11). Slík virðing á ekki að vera markmið í sjálfu sér enda á gagnrýnin hugsun að aðstoða okkur við að mynda okkur sjálfstæðar og óháðar skoðanir.³² Hins vegar er einnig ljóst að gagnrýnin hugsun má ekki losna úr tengslum við hinn siðferðilega veruleika eins og áður hefur komið fram. Og þar á virðing vissulega heima. Við höfum þegar séð hvernig hún tengist órjúfanlega vissum dygðum. Hún er einnig svar við siðferðilegri kröfu um skoðanamyndun og því hvernig réttindi okkar og skyldur sem hugsandi verur móta veruleika okkar. Öll þessi atriði eiga að liggja mannvísindum, húmanískum fögum, til grundvallar. En gagnrýnin hugsun tengist einnig siðfræði á einn hátt í viðbót sem jafnframt dregur fram jákvæðustu og mest skapandi einkenni hennar. Það að mynda sér skoðun á fullnægjandi forsendum snýst ekki síst um að standast þá freistingu að mynda sér einka-skoðun. Vitund um *afleiðingar* hvernar skoðunar eru hluti þess að vera athugull á allar hliðar máls, sérstaklega afleiðingar þess að allir hugsuðu eins. Sem dæmi má nefna að oft hafnar fólk því að mynda sér skoðun í ákveðnu máli í þeirri von að aðrir sjái um að hafa skoðun á því. Það myndi líklega hugsa sig um tvisvar ef allir veldu sömu leið. Gagnrýnin hugsun snýst sem sagt ekki aðeins um staðreyndir og viðbrögð við þeim. Hún tengist hinu mögulega. Slíkt getur talist vera rökskekka en er það ekki við réttar aðstæður. Heimspekin er leit að svörum við gátum þess mögulega.³³ Raunar er hún ekki einungis leit að hvaða möguleika sem er, siðfræðin leyfir sér til að mynda að spyrja hvað *ætti* að gerast.

Hér að framan var minnst á gagnrýna kenningu og þær rætur hennar sem má rekja til Kants, að dómgreind okkar sé takmörkunum háð. Í sjálfu sér er þetta í grundvallaratriðum rétt ályktun. Gagnrýnin manneskja áttar sig á því hvernig skoðanir hennar eru skilyrtar af reynslu hennar, samfélagi og hagsmunaöflum. En Kant skilur ekki lesendur heimspeki sinnar eftir með þá tilfinningu að þeir geti ekki fellt rétta eða ranga dóma. Því fer fjarri að sú gagnrýni sem hann setur fram vísi til neikvæðrar, úppbyggilegrar gerðar hugsunar.

³¹ Róbert Haraldsson skrifar að hin raunverulega vísindalega aðferð, sem gerir meðal annars ráð fyrir að vísindamaður velji sér lífsstefnu og móti líf sitt samkvæmt henni, skipti mestu máli enda hafi hún skilað miklum árangri „í hörðum og karlmannlegum skóla vísindanna“ (Róbert Haraldsson 2001, 230). Róbert sér með öðrum orðum ekki hvers vegna við ættum að fagna því svo mjög að fræðimenn leitist sífellt við að bæta skoðanir sínar. Í greininni kemur fram sú skoðun Róberts að „gagnrýnin hugsun eins og Páll skilur hana beri öll merki *a priori*-leiðar Pierce, fordómaleiðar, en ekki leiðar hinnar vísindalegu aðferðar“ (bls. 214).

³² Páll Skúlason telur að það sé „ámælisvert að virða skoðanir annarra, ef maður veit að þær eru ekki réttar.“ Vandamálið er hins vegar að við vitum sjaldnast fyrirfram hvort skoðanir annarra eru rangar eða réttar. Og við þær aðstæður er, í samræmi við þá frumforsendu sem oft er kennd við kærleika eða örlæti, rétt að gera ráð fyrir að viðkomandi hafi einhver rök fyrir máli sínu. Við hljótum þó að gera undantekningu þegar skoðanir eru augljóslega mannfjandsamlegar og uppfullar af hatursáróðri.

³³ Þetta getur raunar verið skilgreiningaratriði á heimspeki og reyndar hafa margir heimspekingar skilgreint heimspekina út frá þeirri grunnhugmynd að á meðan önnur vísindi fáist við það sem er (staðreyndir) þá fáist heimspekin við það sem gæti verið (möguleika).

Þvert á móti hvetur hann okkur til þess að njóta ábyrgðar okkar sem hugsandi verur. Stefnuyfirlýsing gagnrýnnar hugsunar gæti falist í þeim orðum hans að við megum aldrei gleyma því að í hvert sinn sem við fellum dóm gerum við það í nafni alls mannkyns, óháð hagsmunum okkar og löngunum (Kant 1987, bls. 55). Skoðanir okkar eru nokkurs konar lögmál, líkt og gerðir okkar eru, samkvæmt siðfræði hans.³⁴ Aðeins þannig gerum við okkur grein fyrir þeirri ábyrgð sem fylgir því að vera, mögulega að minnsta kosti, gagnrýnar manneskjur. Þessi ábyrgð getur virkað þrúgandi en á ekki að vera íþyngjandi í eðli sínu. Hún ætti að sannfæra hvern og einn um nauðsyn gagnrýnnar hugsunar.

Það sem var kallað „stefnuyfirlýsing vestrænnar siðfræði“ hér að framan, þ.e. sú ástæða sem Sókrates gaf upp fyrir því að strjúka ekki frá Aþenu, er einmitt í þessum anda. Rökfærslan ein og sér er að margra mati ekki upp á marga fiska en hún fellur þó fullkomlega að þeirri skilgreiningu á gagnrýnni hugsun sem hér hefur verið sett fram. Sókrates tók ekki þá ákvörðun sem kom honum sjálfum best þar sem hann hugleiddi afleiðingar þess að allir gerðu slíkt hið sama. Líklegasta niðurstaðan að hans mati var samfélagsleg sundrung.

Gagnrýnin hugsun er jákvæð í þeim skilningi að hún krefst einhvers af öllum hugsandi manneskjum sem hafa hugsað sér að lifa í samfélagi við annað fólk. Það er ekki nóg að finna að og setja út á skoðanir annarra. Líklega er það oft þægilegur kostur, en það gengi ekki til lengdar að allir gerðu það. Áskorunin er að leiða ekki mikilvægar forsendur hjá sér, gera sér grein fyrir áhrifaþáttum á eigin skoðanir, reyna að finna sem flestar hliðar hvers máls og mynda sér að lokum skoðun, óháð sínum eigin hagsmunum, sem maður er viss um að flest skynsamt fólk hefði myndað sér.

Lokaorð

Í upphafi þessarar greinar var minnst á kröfuna um að efla gagnrýna hugsun í íslensku samfélagi. Nefnt var að þessi krafa tengdist hugmyndum um aukna siðvæðingu. Í greininni hafa verið dregnir fram nokkrir snertifletir gagnrýnnar hugsunar og siðfræði. Eitt hugtak sem tengist lífi okkar sem siðferðisvera hefur lítið borið á góma: *traust*. Skortur á því hefur litað samfélagsumræðuna undanfarin misseri. Þessi skortur hefur komið víða fram en þó líklega hvergi jafn berlega og þegar kemur að viðhorfum fólks til Alþingis. Þetta virðist mega rekja til þess að fólk er almennt á þeirri skoðun að þingmenn ástundi ekki gagnrýna hugsun. Hér verður ekki lagt mat á störf þingmanna heldur látið duga að nefna að sjálfsagðar ábendingar um margt sem betur má fara þurfa ekki að leiða til alhæfinga um allt það sem einstaklingur eða hópur fólks tekur sér fyrir hendur. Slíkar alhæfingar geta farið býsna fjarri því að teljast skýr og vönduð hugsun. Þess í stað verður að ítreka það sem fram kom hér fyrir, að réttnefnd gagnrýnin hugsun verði einnig að beinast inn á við. Gagnrýnin manneskja verður að velta fyrir sér eigin forsendum. Og sá grunur læðist að mörgum sem fylgjast með háværustu gagnrýnisröddunum í samfélaginu að þar skorti nokkuð á yfirvegun. Umræða eins og sú sem hefur hvað mest grafið undan trausti á Alþingi hefur verið rekin áfram af einföldum upphrópunum sem þrátt fyrir að geta talist sæmilega skýrar og að einhverju leyti byggðar á staðreyndum eru hvorki nógu nákvæmar né rökvissar til að geta leitt til ígrundaðra skoðana.³⁵ Vissulega má til sanns vegar færa að skýr og einföld skilaboð séu nauðsynleg til að ná athygli og forystu í umræðunni, en

³⁴ „Breyttu einungis eftir þeirri lífsreglu sem þú getur á sama tíma viljað að verði að algildu lögmáli“ (Kant 2003, bls. 140).

³⁵ Skoðanirnar falla ekki að því sem nefnt var hér að framan og kallast á ensku *universal intellectual standards*. Margar fullyrðingar geta til dæmis verið býsna skýrt orðaðar en skort um leið þá dýpt og breidd sem er nauðsynleg yfirvegaðri skoðun. „Við borgum ekki skuldir óreiðumanna!“ er til dæmis ágæt setning en hana skortir, að minnsta kosti eina og sér, alla tilvísun til þess flókna samhengis sem hún er sett fram í ásamt viðurkenningu á (eða svari við) andstæðum viðhorfum.

um leið verður fólk að átta sig á því að óvarlegt er að líta á einföld skilaboð sem augljós sannindi.

Gagnrýnin hugsun snýst ekki einungis um að hnýta í skoðanir annarra. Þegar gagnrýnar manneskjur greina rök viðmælenda sinna eða beina sjónum okkar að því hvernig dómgreind okkar getur verið skilyrt af ytri aðstæðum taka þær mikilvæg skref í áttina að góðu hugferði. En fleiri skref eru nauðsynleg. Vel má vera að þau séu fleiri en þau sjö sem áhersla var lögð á hér á undan en þau voru tilgreind sem nokkurs konar viðmið þess að vera athugull á allar hliðar tiltekins máls. Tengsl þessara þrepa og siðferðisvitundar okkar voru heldur ekki skýrð með þeim hætti að ljóst sé hversu tengd siðfræðin er gagnrýninni hugsun. Nokkur svið þar sem siðferðileg vídd gagnrýninnar hugsunar kemur skýrast fram voru kynnt. Enn er mikið verk fyrir höndum við að greina þessi tengsl út frá mismunandi sýn fólks á siðfræðina. Það má þó ljóst vera að sú sýn á gagnrýna hugsun sem túlkar hana þröngt út frá rökleikni hugsandans er ósannfærandi þegar litið er til skrifa um hana á íslensku og raunar einnig þegar skoðuð er saga vestrænnar hugsunar. Klisjan um að fólk eigi að hugsa út fyrir rammann er vissulega ákaflega þreytt en líklega er það einmitt sannleikskornið í henni sem við erum hvað þreyttust á. Gagnrýnin hugsun er skapandi hugsun.³⁶ Hún er einnig leitandi hugsun og hún er, þegar best tekst til, jákvæð hugsun í þeim skilningi að í henni felst viðurkenning á því að gott hugferði sé innihaldsríkt. Krafan um að vera athugull á allar hliðar er ekki hvetjandi ein og sér, enda ljóst að hún sækir bæði í „gullið og sorann“, en þegar öllu er á botninn hvolft er tilgangur hennar að „breiða hvortveggja út í dagsbirtunni“.

Heimildir

Anna Ingólfssdóttir, Arnar Pálsson, Einar Steingrímsson, Guðmundur Hrafn Guðmundsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Ingibjörg Harðardóttir o.fl. (2010, 11. nóvember). Gagnrýnin hugsun og háskólastarf. *Fréttablaðið*. Sótt 1. mars 2012 af <http://www.visir.is/gagnrynin-hugsun-og-haskolastarf/article/2010692273061>

Bacon, F. (1863). *De interpretatione naturæ proœmium*. Í J. Spedding, R.L. Ellis og D.D. Heath (ritstjórar) *The Works of Francis Bacon, volume 6. Philosophical Works III* (bls. 446–450). Cambridge: Houghton, Mifflin.

Bacon, Francis. (2007). *The new organon or: True directions concerning the interpretation of nature*. Sótt 14. júlí 2012 af <http://www.earlymoderntexts.com/pdf/baconewo.pdf>

Clifford, W. (1993). Rétturinn til sannfæringar (Þórður Kristinsson þýddi). Í Róbert H. Haraldsson (ritstjóri), *Erindi siðfræðinnar* (bls. 43–52). Reykjavík: Rannsóknarstofnun í siðfræði.

Descartes, R. (2001). *Hugleiðingar um frumspeki* (Þorsteinn Gylfason þýddi). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Elsa Haraldsdóttir. (2011, 23. nóvember). *Skýrsla um eflingu gagnrýninnar hugsunar og siðfræði í íslenskum skólum*. Sótt 15. September 2012 af https://gagnrynin.hugsun.hi.is/?page_id=1583

Ennis, R. H. (1962). A concept of critical thinking. *Harvard Educational Review*, 32(1), 81–111.

³⁶ Hrund Gunnsteinsdóttir (2012) lýsir á einstakan hátt þeim möguleikum sem felast í því að skoða viðfangsefni frá sem flestum – og helst óvæntum – sjónarhornum. Slík hugmyndafræði var forsenda svokallaðs „Prismanáms“ sem Hrund er helsti hvatamaðurinn að.

- Guðmundur Heiðar Frímansson. (2010). Hugarfar gagnrýnnar hugsunar. *Hugur – tímarit um heimspeki*, 22, 119–134.
- Hrund Gunnsteinsdóttir. (2012, 22. september). *Farðu vel með þig*. Sótt 12. nóvember 2012 af <https://gagnrýnihugsun.hi.is/?p=1964>
- Hughes, W. og Lavery J. (2008). *Critical thinking: An introduction to the basic skills*. Peterborough: Broadview Press.
- Hörður Bergmann. (2007). *Að vera eða sýnast: Gagnrýnin hugsun á tímum sjónarspilsins*. Reykjavík: Skrudda.
- James, J. (1993). Trúarvilji (Sig. Kristófer Pétursson og Sigurður Nordal þýddu). Í Róbert H. Haraldsson (ritstjóri), *Erindi siðfræðinnar* (bls. 53–74). Reykjavík: Rannsóknarstofnun í siðfræði.
- Kant, I. (1987). *Critique of Judgment* (W. S. Pluhar þýddi). Indianapolis/Cambridge: Hackett.
- Kant, I. (2003). *Grundvöllur að frumspeki siðlegrar breytni* (Guðmundur Heiðar Frímansson þýddi). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Kant, I. (2008). *Forspjall að sérhverri vísindalegri frumspeki framtíðar* (Skúli Pálsson þýddi). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Katrín Jakobsdóttir. (2010, 21. október). Háskólar í mótun III. *Fréttablaðið*. Sótt 1. mars 2012 af <http://www.visir.is/haskolar-i-motun-iii/article/201053276055>
- Marcier, H. og Sperber, D. (2011). Why do humans reason? Arguments for an argumentative theory. *Behavioral and Brain Sciences*, 34(2), 57–111.
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2012a). *Aðalnámskrá grunnskóla 2011*. Reykjavík: Höfundur.
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2012b). *Aðalnámskrá leikskóla 2011*. Reykjavík: Höfundur.
- Mikael Karlsson. (2005). Hugsun og gagnrýni. Í Róbert H. Haraldsson, Salvör Nordal og Vilhjálmur Árnason (ritstjórar), *Hugsað með Páli: Ritgerðir til heiðurs Páli Skúlasyni sextugum*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Ólafur Páll Jónsson. (2008). Gagnrýnar manneskjur. *Hugur – tímarit um heimspeki*, 20, 98–112.
- Ólafur Páll Jónsson. (2011a). Hugsandi manneskjur. *Hugur – tímarit um heimspeki*, 23, 121–131.
- Ólafur Páll Jónsson. (2011b, 14. júní). *Sannfærning og rök*. Sótt 14. júlí 2012 af https://gagnrýnihugsun.hi.is/?page_id=26
- Páll Skúlason. (1987). Er hægt að kenna gagnrýna hugsun? Í Páll Skúlason, *Pælingar* (bls. 67–92). Reykjavík: Ergo. [Greinin er nú aðgengileg á *Heimspekivefnum*: <https://heimspeki.hi.is/?p=3182>].
- Páll Skúlason. (1989). Forspjallsvísindi: Hlutverk þeirra og viðfangsefni. Í Páll Skúlason, *Pælingar II* (bls. 139–148). Reykjavík: Höfundur.

- Páll Skúlason. (1990). *Siðfræði: Um erfiðleika í siðferði og forsendur ákvarðana*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun í siðfræði.
- Platon. (1961). *Phaedrus*. Í E. Hamilton og H. Cairns (ritstjórar), *Collected dialogues of Plato: Including the letters* (bls. 475–525). Princeton NJ: Princeton University Press.
- Platon. (1990). *Síðustu dagar Sókratesar* (Sigurður Nordal og Þorsteinn Gylfason þýddu). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Róbert H. Haraldsson. (2001). Gagnrýnin hugsun og veruleiki – Um sjálfsögð sannindi og vísindalega aðferð. Í *Tveggja manna tal* (bls. 189–230). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Sargent, R.-M. (2002). Francis Bacon and the humanistic aspects of modernity. *Midwest Studies of Philosophy*, 26(1), 124–139.
- Spinoza, B. (2000). *Ethics*. London: Everyman.
- Valtýr Guðmundsson. (1896, 1. september). Gagnrýni. *Eimreiðin*, 2(3), 161–165. [Greinin er nú aðgengileg á *Heimspekivefnum*: <https://heimspeki.hi.is/?p=3540>].
- Vilhjálmur Árnason. (1993). *Siðfræði lífs og dauða: Erfiðar ákvarðanir í heilbrigðisþjónustu*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun í siðfræði.
- Þorsteinn Helgason. (2011, 15. desember). Kjölfesta eða dragbítur? Gagnrýnin hugsun og kennslubækur í sögu. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt 15. september 2012 af <http://netla.khi.is/greinar/2011/ryn/005.pdf>

Um höfund

Henry Alexander Henrysson (hah@hi.is) lauk doktorsprófi í heimspeki frá Háskólanum í Reading, Englandi, árið 2007. Helstu rannsóknarsvið hans eru rökhyggja nýaldar, aristotelísk markhyggja og náttúrulegakenningar í siðfræði. Henry er stundakennari í heimspeki og verkefnisstjóri hjá Siðfræðistofnun Háskóla Íslands. Undanfarin ár hefur hann stjórnað verkefni sem miðar að því að efla kennslu í gagnrýninni hugsun og siðfræði í skólum á Íslandi.

Efnisorð

gagnrýnin hugsun – siðfræði – menntun – rökhyggja – skynsemi

About the author

Henry Alexander Henrysson (hah@hi.is) has a PhD in philosophy from the University of Reading, UK. His research interests include early-modern rationalism, the history and development of Aristotelian teleology and natural law theories in ethics. Henry teaches philosophy at the University of Iceland and is a project manager at the university's Centre for Ethics. Recently, he has been running a project that aims at further incorporating teaching in critical thinking and ethics in schools in Iceland.

Key words

critical thinking – ethics – education – reasoning – rationality



Henry Alexander Henrysson. (2013).

Skoðanir, siðferði, samfélag: Enn um gagnrýna hugsun.

Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2013/ryn/001.pdf>